

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 146/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2007 frá 8. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB frá 22. október 2008 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki (**kerfisbundin útgáfa**) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/95/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 89/104/EEB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XVII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 89/104/EEB).
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB):

„9h. **32008 L 0095**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB frá 22. október 2008 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki (**kerfisbundin útgáfa**) (Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Hugtakið „**löggjöf um vörumerki**“, sem kemur fyrir í 2. mgr. 3. gr., skal túlkað þannig að það vísi til gildandi ákvæða um vörumerki í löggjöf **eins samningsaðilanna**.
- b) Ákvæði um **bandalagsvörumerki** í 2. mgr. 4. gr. (**i-lið** staflíðar a) og staflíð b)), 3. mgr. 4. gr., 9. gr. og 14. gr. taka ekki til EFTA-ríkjanna nema **bandalagsvörumerkið gildi** í þeim ríkjum.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 17, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 48, 11.10.2007, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/95/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.